

# Íslandsmótið í krullu

## 2012

### 1. Reglur WCF

- a) Í keppninni gilda reglur Alþjóða krullusambandsins, WCF, eftir því sem við á.  
Keppendur eru hvattir til að kynna sér reglurnar eftir bestu getu, einkum kafla R3-R11, en reglurnar má finna á vef sambandsins, [www.worldcurling.org](http://www.worldcurling.org).
- b) *Skýring á skammstöfunum:*  
LSD = Last Shot Draw  
Mælt skot að miðju hrings við lok upphitunar fyrir hvern leik.  
DSC = Draw Shot Challenge  
Miðuskotskeppni, eða meðaltal skota að miðju hrings (LSD) að slepptri einni hæstu tölu hvers liðs.

### 2. Keppnisfyrirkomulag

- a) Leikin er einföld umferð allra liða.  
b) Leikjum er raðað fyrirfram á brautir 2-5 og skulu sömu steinasett ávallt notuð á sömu brautum; B = braut 2, C = braut 3/4, D = braut 5.

### 3. Leikir og stig

- a) Leikir eru átta umferðir og fæst einn vinningur fyrir hvern unninn leik.  
b) Ef lið eru jöfn að stigum eftir átta umferðir skal leika aukaumferð(ir) þar til úrslit fást.  
c) Það lið sem talið er upp á undan í keppnisgögnum leikur með steinum með dökkum (**bláum** eða **rauðum**) handföngum.

### 4. Upphitun og skot að miðju (LSD)

- a) Það lið sem talið er upp á undan í keppnisgögnum hefur upphitun á undan. Þegar brautir eru tilbúnar gefur mótsstjórn merki og fær lið þá fjórar mínútur til upphitunar á brautinni. Að fjórum mínútum liðnum er aftur gefið merki og skal upphitun þá hætt.  
b) Að lokinni upphitun tekur einn leikmaður liðsins skot að miðju hrings (LSD) og er leyft að sópa. Þegar skotið er tekið skal einn úr liðnu standa á hinum enda brautarinnar á svæðinu frá baklínu að framlínu (í kassanum). Þegar steinn hefur stöðvast er fjarlægð mæld frá miðjupunkti að steininum og skráð á viðkomandi lið. Steinn sem endar utan hrings er skráður 185,4 sentímetrar (6 fet og 1 tomma). Liðið sem á Stein nær miðju en andstæðingurinn fær val um hamarinn (síðasta Stein) í fyrstu umferð.  
c) Reiknað er út DSC-gildi fyrir hvert lið, sem er meðaltal úr skotum að miðju, að slepptri einni hæstu tölunni fyrir hvert lið.

### 5. Röðun liða

- a) Um endanlega röð liða ræður fjöldi vinnings úr leikjum.  
b) Þegar tvö lið eru jöfn að vinningum skulu innbyrðis viðureignir ráða röð liðanna. Hafi liðin unnið hvort sinn leikinn raðast ofar það lið sem hefur lægri DSC-tölu.  
c) Þegar þrjú eða fleiri lið eru jöfn að vinningum skal þeim raðað niður sem unnt er á grundvelli vinnings í innbyrðis viðureignum. Þeim liðum sem þá standa enn jöfn skal raðað á grundvelli vinnings í innbyrðis viðureignum þeirra.  
d) Ef niðurstaða fæst ekki með þessum hætti út frá vinningum í innbyrðis viðureignum liða raðast þau eftir DSC-gildi, sbr. reglu 4c.  
e) Séu þessar tölur jafnar fyrir tvö eða fleiri lið skal lægsta gildi úr einstökum skotum að miðju (LSD) sem ekki er jafnt hjá þessum liðum ráða röð liðanna.  
f) Fjögur efstu lið vinna sér rétt til þátttöku í úrslitakeppni Íslandsmótsins 2012.  
g) Lið getur ekki misst af sæti í úrslitakeppni Íslandsmótsins eingöngu á lakari árangri úr innbyrðis viðureignum eða miðuskotskeppni, heldur einungis með því að tapa aukaleik (tie-breaker), sbr. reglur WCF um aukaleiki jafnra liða.

## **6. Úrslitakeppni**

Leikið er samkvæmt page-playoff kerfi sbr. reglur WCF.

- a) Lið í 1. og 2. sæti leika saman og lið í 3. og 4. sæti leika saman.
- b) Sigurlið í leik 1. og 2. sætis fer beint í úrslitaleik um gullverðlaun, en tapliðið leikur í undanúrslitum við sigurliðið úr leik 3. og 4. sætis um hitt sætið í úrslitaleiknum.
- c) Tapliðið í undanúrslitum leikur gegn tapliði úr leik 3. og 4. sætis um bronsverðlaun.

## **7. Mæting í leiki og frestun leikja**

- a) Að jafnaði skulu vera fjórir leikmenn í hvoru liði þegar leikur hefst. Hefja má þó leik með þremur leikmönnum ef gildar ástæður liggja fyrir forföllum. Komi fjórði maður til leiks eftir að leikur er hafinn má hann hefja leik í sinni stöðu þegar næsta umferð eftir að hann mætir til leiks hefst.
- b) Sjái liðsstjóri fram á að geta ekki mætt til leiks með að minnsta kosti þrjá leikmenn í tiltekinn leik skal hann hafa samband við liðsstjóra andstæðinganna eigi síðar en í hádeginu á keppnisdegi og biðja um frestun. Við veikindi eða í mjög óvæntum tilvikum er heimilt að hafa samband síðar. Ef óska þarf eftir frestun leiks skulu liðsstjórar hafa virðingu við andstæðinginn og íþróttina að leiðarljósi. Komi liðsstjórar sér saman um frestun skulu þeir gera mótsstjórn viðvart sem finnur nýjan leikdag.
- c) Ef ekki hefur verið óskað eftir frestun leiks og lið mætir til leiks með færri en þrjá leikmenn gildir grein R11 í reglum WCF.